

112. fundur

Fundur haldinn í skipulags- og byggingarnefnd þriðjudaginn 18. nóvember 2008, kl. 17:00 í Ráðhúsi Stykkishólmsbæjar.

Mætt voru: Eydís Eypórsdóttir, Helgi B. Haraldsson, Berglind L. Þorbergsdóttir, Guðmundur Kristinsson, Björgvin Ólafsson, Þorbergur Bæringsson, Bjarnfríður Vilhjálmsson sem ritaði fundargerð.

Eydís setti fund og stýrði í fjarveru formanns.

Dagskrá:

1. Aðalgata 17, 19 og 21, deiliskipulagsbreyting á verslunar- og þjónustulóðum.
Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi við Aðalgötu á verslunar- og þjónustulóðum merktar K og N á gildandi skipulagi miðbæjar. Breytingin felst í að fella niður reit N og sameina hann að hluta til lóð K. Syðri hlutinn af lóð N, sem nú er Aðalgata 21 verður aftur gerð að íbúðarhúsalóð og fallið er frá niðurrífi á íbúðarhúsi.
Samþykkt að grenndarkynna deiliskipulagsbreytingu samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga fyrir eigendum Aðalgötu 15, 20, 21 og Laufásvegi 10, 12, 14 og 16.
2. Við Ægisgötu, sjóvarnargarður.
Stykkishólmsbær og Siglingastofnun sækja um framkvæmdarleyfi til að leggja sjóvarnargarð við endann á Ægisgötu, samkvæmt teikningum dags. okt. 2008.
Erindi samþykkt. Nendin mælist til að passað verði upp á að garður falli vel að náttúrulegu umhverfi. Gjöld samtals kr. 3000.-
3. Aðalgata 27a, þjónustuhús.
Stykkishólmsbær sækir um breytingu á þjónustuhúsi tjaldsvæði sem verður steyppt í stað timburhúss.
Erindi samþykkt.
4. Reitarvegur 13, stöðuleyfi á gámi.
Jón Ólafur Hjartarson óskar eftir að sækja um að staðsetja tímabundið 6 feta gám á lóð við Reitarveg nr. 13.
Samþykkt að veita stöðuleyfi á gámi sem gildir í eitt ár. Gjöld samtals kr. 6000.-
5. Bréf, auglýsingaskilti Sæferða Stykkishólmi.
F.h. Sæferða / Pétur Ágústsson óskar eftir að setja upp auglýsingaskilti Sæferða við norðan við bensínstöð Aðalgötu 25 og 2 stöðluð ferjuskilti við Aðalgötu, sbr. bréf dags. 2.11.'08
Erindi samþykkt. Uppsetning á skiltum skal vera í samráði við byggingarfulltrúa.

6. Bókhlöðustígur 17, endurnýjun á klæðningu.
Lögð fram tillaga frá Jon Nordstein f.h. Ólafs Styrmis Ottóssonar Bókhlöðustíg 17 um að klæða húsið með timburklæðningu ásamt endurnýjun á gluggum í upprunalegt horf, sbr. teikningar dags. júní 2008.
Erindi samþykkt að uppfylltum skilyrðum Húsafriðunarnefndar Ríkisins.
Gjöld samtals kr. 3000.-

7. Göngustígur meðfram þjóðvegi.
Lögð fram til umræðu tillaga að legu göngustígs meðfram þjóðvegi, að Vogsbotnum.
Nefndin tekur jákvætt í tillöguna.

8. Önnur mál.

BV